

## Hlutverk og starfssvið Skólaskrifstofu Austurlands í sérfræðipjónustu skóla

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar 584/2010 tekur sérfræðipjónusta skóla annars vegar til stuðnings við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi leik- og grunnskóla og starfsfólk þeirra. Markmiðið með starfsemi sérfræðipjónustu er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Þjónustan beinist að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

### Vissir þú þetta um Skólaskrifstofu Austurlands?

- Skólaskrifstofan var stofnuð árið 1996
- Starfssvæðið var frá Skeggjastaðahreppi til Breiðdalshrepps, en er nú frá Vopnafirði til Djúpa-vogshrepps.
- Nemendur í grsk. voru 1657 árið 1996 en eru nú 1350 og 660 börn í leikskólum.
- Fyrsta starfsárið voru unnin 155 mál en undanfarin ár hefur verið unnið að 400—500 málum barna og unglinga á ári.
- Skólaskrifstofan hefur árlega haldið fjölda endurmenntunar- og fræðsluerinda.
- Skólaskrifstofan er eina stofnunin á Austurlandi sem hefur verið með reglulega sálfræðipjónustu fyrir börn og unglinga frá 1996.
- Skólaskrifstofan hefur umsjón með fjölda verkefna ein eða í samstarfi við aðra s.s.:
  - Námskeið fyrir börn með kvíða; Klókir krakkar.
  - Innleiðing Byrjendalæsis 2014-2016.
  - Innleiðing Orðs af orði 2016-2017.
  - Litla og Stóra upplestrarkeppnin.
  - Olweusarverkefnið.
- B-deild Skólaskrifstofu hefur umsjón og eftirfylgni með þjónustusamningi um málefni fatlaðs fólks á Austurlandi.
- Árið 1996 voru starfsmenn fjórir en í dag eru þeir átta.
- Frá 1996 hafa alls tuttugu og þrjú verið fastráðnir starfsmenn á Skólaskrifstofunni.

Í **Hvítbók** hafa verið sett fram markmið um að árið 2018 nái 90% íslenskra grunnskólanema lámarki í lestri og lesskilningi, í stað 79% nú.

### Þjódarsáttmáli um læsi

#### Læsi barna er samvinnuverkefni:

Mikilvægt er að öll börn fái tækifæri til að eiga daglega lestrarstund til loka grunnskóla. **Foreldrar** og aðstandendur þurfa að vera virkir þátttakendur í námi barna sinna og fylgjast með framvindu og árangri.

Mikilvægt er að foreldrar fái stuðning og fræðslu frá skólum og sérfræðipjónustu sveitarfélaga til þess að hlúa að lestrarnámi barna sinna, ekki síst þeirra barna sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Mennta- og menningarráðuneytið mun semja sérstaklega við Heimili og skóla, landssamtök foreldra, um aðkomu þeirra að því að virkja foreldra í stuðningi við læsi barna sinna.

**Lestrarfærni** er forsenda virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi en bágur lesskilningur getur haft neikvæð áhrif á námsframvindu og þar með atvinnutækifæri síðar meir.



## Bættur námsárangur á Austurlandi

Áætlun til 5 ára  
2015 — 2020



20 ára  
1996— 2016



Skólaskrifstofa Austurlands  
Sími: 4705050

Búðareyri 4  
skolaust@skolaust.is

730 Reyðarfirði  
www.skolaust.is



## Hvað er “Bættur náms- árangur á Austurlandi”?

- Samfélagsverkefni sem byggir á sameiginlegri og heildstæðri sýn á skólagöngu barna frá 2ja—16 ára.
- Aðkoma beggja skólastiga.
- Aukið samstarf á milli skóla og skólastiga.
- Upplýsingaflæði á milli allra aðila.
- Meiri og öflugari samvinna við foreldra.
- Fleiri nemendur ná lágmarksmarkmiðum í lestri og stærðfræði.
- Markvissar skimanir í skólum.
- Aðgerðaráætlanir í kjölfar skimana.
- Hver skóli setur sér skýr markmið og velur sér leiðir varðandi læsi og stærðfræðikennslu.
- Allir leik- og grunnskólar setji sér læsi- og stærðfræðistefnur í samræmi við aðalnámskrár.
- Leik- og grunnskólar bregðist jafnóðum við visbendingum um mál-, læsi- og stærðfræðierfiðleika einstakra nemenda.
- Ýtt verði undir jákvæð viðhorf til lesturs í samfélaginu.
- Stuðla að mál-, lestrar- og stærðfræðihvetjandi umhverfi í skólum.



## HVERJIR KOMA AÐ BÆTTUM NÁMSÁRANGRI Á AUSTURLANDI?

- ⇒ Sveitarstjórnir á Austurlandi
- ⇒ Skólaskrifstofa Austurlands
- ⇒ Leikskólar
- ⇒ Grunnskólar
- ⇒ Foreldrar
- ⇒ Nemendur

## Ábyrgð sveitarstjórna

- Standa með, hlúa að, hvetja og fylgjast með verkefninu.

## Ábyrgð

### Skólaskrifstofu Austurlands

- Markvissar **skimanir** í leik- og grunnskólum, með gagnreyndum mælitækjum. Finna nemendur í áhættuhópi.
- Skima fyrir **málproskaerfiðleikum** í leikskólum.
- Skima fyrir **lestrarerfiðleikum** í 3., 6. og 9. bekk.
- Skima fyrir **stærðfræðierfiðleikum** í 3. og 6. bekk.
- **Ráðgjöf** varðandi niðurstöður skimana til skóla og foreldra.
- Eftirfylgd með **aðgerðaáætlunum** frá skólum vegna niðurstöðu skimana.
- Endurmat – Eftirfygni vegna skimana.

## Ábyrgð skólastjórna

- Leiða starfið og sýna gott fordæmi.
- Að fá **kennara, nemendur**, annað **starfsfólk** og **foreldra** með sér í lið.
- Leiða vinnuna innan skólans og komast að niðurstöðu um hvaða leið er vænlegust í hverjum skóla.
- Fylgjast með niðurstöðum skimana og fylgja eftir aðgerðaráætlun skólans.
- Fylgja eftir læsi- og stærðfræðistefnu skólans.
- Stuðla að mál-, lestrar- og stærðfræðihvetjandi umhverfi í skólanum.
- Hlúa enn betur að því sem vel hefur verið gert og miðla milli skóla og skólastiga.

## Hlutverk foreldra

- Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna, sbr. lög um grunnskóla.
- Foreldrar vekja áhuga og styðja við læsi, mál- og stærðfræðipækkingu barna sinna.
- Foreldrar lesi fyrir og með börnum á hverjum degi. Það eykur orðaforða og málproska.
- Foreldrar taki virkan þátt í lestrar- og stærðfræðinámi barna.
- Gefi gaum að mál-, lestrar- og stærðfræðihvetjandi umhverfi.

## Nemendur

- Leggi sig fram í náminu.
- Stefni að markmiðum sínum.
- Reyni að gera betur í dag en í gær.

## Ábyrgð kennara

- Fylgjast með stöðu nemenda.
- Fylgjast með niðurstöðum skimana og vinna að og eftir aðgerðaráætlun í kjölfarið.
- Fylgja eftir læsi- og stærðfræðistefnu skólans.
- Stuðla að mál-, lestrar- og stærðfræðihvetjandi umhverfi í skólanum.
- Nota fjölbreyttar kennsluáferðir og fjölbreytt námsgögn.
- Hlúa enn betur að því sem vel hefur verið gert og miðla milli skóla og skólastiga.